

**Sp.**

## **707. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni í Skagafirði.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Gísli Jónsson, Jón Sigurðsson, Hermann Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni í Skagafirði. Skal ríkisstjórnin láta gera kostnaðaráætlun um hafnargerðina svo fljótt sem því verður við komið.

### **Greinargerð.**

Í lok heimsófríðarinnar 1914—1918 voru uppi miklar ráðagerðir um hafnargerð í Höfðavatni. Var þá stofnað félag til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Aðalhvatamaður þessa var skáldið Jóhann Sigurjónsson, en ýmsir fjársterkir menn studdu hann, svo sem Karl Sæmundsen stórkaupm. í Kaupm.höfn. Mælingar og aðrar verkfræðilegar athuganir að þessari fyrirhuguðu hafnargerð framkvæmdi Benedikt Jónsson verkfræðingur (núverandi starfsmaður í vitamálskrifstofunni), og afhenti hann þær Kirk verkfræðingi, sem þá var fulltrúi N. P. Monbergs í Kaupmannahöfn. En við hann mun hafa verið samið um framkvæmd verksins. Haustið 1918 var svo lokið við fullnaðarupprætti að Höfðavatni og fyrirhuguðum mannvirkjum þar, innsiglingarleidd í vatnið, skjólgörðum, hafnargarði og bryggjum. Var þetta gert í Kaupmannahöfn. Ráðagerðir þessar voru allar með miklum stórhug gerðar. Mátti þess vænta af Jóhanni Sigurjónssyni. Þarna var hugsað, að risi upp fisk- og síldveiðiborg, sem skipulögð yrði frá upphafi samkvæmt því, sem þekking og kröfur tímans heimtuðu.

Frá náttúrunnar hendi voru og eru hinar ákjósanlegustu aðstæður, vatnið stórt og djúpt, aðeins örmjótt malarrif að grafa fyrir innsiglingu, gnægð af stuðlabergi, mól og sandi við höndina til hafnargerðarinnar, bæjarstæði mikið og fagurt og góðar sveitir allt í kring. En mest er þó um það vert, að höfnin lægi við hin auðugustu og beztu síldveiðisvæði hér við land og ágæt fiskimið. Innsigling yrði þarna, í skjóli við Þórðarhöfða, hin fegursta og bezta á landi hér. Veðursæld er þarna mikil, þurrviðrasamt og sólríkt.

En allar vonir og framkvæmdir þessa þarfa fyrirtækis dóu með Jóhanni Sigurjónssyni 31. ágústdag 1919. En eins og skáldið frá Laxamýri lifir með nokkrum hætti í verkum sínum og hugsjónum og mun aldrei deyja, meðan íslensk tunga er töluð, svo mun og verða með þetta fyrirtæki hans, þótt fallið hafi nú um sinn í gleymsku og dá, að því mun verða í framkvæmd hrundið, er þjóðin hefur til þess fengið þroska og víðsýni. Hvort mun sú stund þegar upprunnin? Nú eru miklar orðræður um nýsköpun til sjávar og sveita. Þarna er verkefni til athugunar og úrlausnar. Mundi það, ef framkvæmt yrði, orka til hagsbóta fyrir sjávarútveg og landbúnað.

Í þessari þáttill. er farið fram á, að ný rannsókn og kostnaðaráætlun um þessa hafnargerð verði framkvæmd. Mundi það verða mjög ódýrt, þar sem svo vill vel til, að í vitamálskrifstofunni eru til upprættir að Höfðavatni og fyrirhuguðum mannvirkjum þar, sem gerðir voru í Kaupmannahöfn eftir mælingum Benedikts Jónssonar 1918, og má vafalaust við það styðjast. En engar skýrslur eða áætlanir liggja fyrir, þar sem þetta var einkafyrirtæki og hefur því ekki verið tekið undir hafrannsóknir, sem gerðar voru á þessum árum. Heyrzt hefur, að heildarkostnaður við fyrirtækið hafi verið áætlaður rúmar 2 millj. króna, þar í talið kaupverð þriggja jarða, er lönd eiga að vatninu.

Hér er um að ræða, hvað þetta mundi kosta nú.